

Nefndasvið Alþingis  
Fjárlaganefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 3. október 2024

## Efni: Umsögn félagsins Femínísk fjármál um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2025

### Framkvæmd kynjaðrar fjárlagagerðar

Félagið Femínísk fjármál fagnar því að meiri hluti breytinga frá útgjaldahlið fjárlaga 2024 hefur verið greindur út frá kynjasjónarmiðum og að niðurstöður séu samþættar við aðra umfjöllun um breytingarnar. Aftur á móti eru vísbendingar um að greiningarnar séu heldur grunnar og skortur á víðara samhengi áhrifa, t.d. þegar kemur að auknu fjármagni til karllægra greina í háskólum. Þetta á einnig við um greiningu á tekjuöflun eins og hún er framsett í frumvarpinu. Þar má t.d. nefna umfjöllun um breytingar á veiðigjöldum út frá kynjasjónarmiðum. Niðurstöður greiningarinnar eru að áhrifin halli líklega meira á karla en konur, því karlar eru í meirihluta þeirra sem starfa í greininni. Hér væri rétt að horfa til þess hver hagnast hafa á sameiginlegri auðlind og greiða veiðigjöld, í grein þar sem auðlindarenta jókst um tugi milljarða milli árána 2021 og 2022. Þannig væri nær að draga fram víðtækari jafnréttisáhrif aðgerðarinnar. Einnig má nefna að vantar algjörlega greiningu á skattastyrkjum út frá kynjasjónarmiðum - en með skattastyrkjum er átt við eftirgjöf á skattkröfum sem leiðir til fráviks frá grunngerð skattkerfisins og veldur tekjutapi fyrir hið opinbera. Slíkt hefur áhrif á tækifæri til innviðaupbyggingar sem varðar samfélagið í heild. Það er augljós þörf á því að greina hverjir hagnast mest á skattastyrkjum og hvaða jafnréttisáhrif styrkirnir hafa og bagalegt að þessi greining sé ekki framkvæmd við gerð fjárlaga.

Heilt yfir veldur umfjöllun um tekjuhlíð fjárlaga vonbrigðum, en auk yfirborðskenndar greiningar þá eru niðurstöður hennar ekki samþættar almennri umfjöllun. Það gefur vísbendingar um að greiningarvinnan fari fram eftir að ákvörðun hefur verið tekin. Sú nálgun samræmast hvorki skyldum hins opinbera um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í lögum nr. 150/2020 né góðum starfsháttum við kynjaða fjárlagagerð, en ferlið krefur hið opinbera til að beita samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við á fjárlagaferlið á öllum stigum. Markmið aðferðarinnar er ekki aðeins að stuðla að jafnrétti heldur einnig stuðla að því að fjárlaga vinnan sé unnin faglega og skilvirknislega, þ.e.a.s. að ákvarðanir séu vel ígrundaðar í ítarlegum upplýsingum um möguleg efnahagsleg áhrif á samfélagið.

### Aðgerðarleysi gegn verðbólgu og glötuð tækifæri til tekjuöflunar

Félagið Femínísk fjármál vill leggja áherslu á mikilvægi þess að ná niður verðbólgu og þar með vöxtum en í frumvarpinu skortir skýrar aðgerðir. Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur dregist saman nær samfleytt frá þriðja ársfjórðungi 2022 og vitað er að tekjulægri einstaklingar geta síður varið sig gegn neikvæðum áhrifum verðbólgu, en konur eru í meirihluta í neðstu fimm tekjutíundunum. Við þessar aðstæður er mikilvægt að styrkja

tilfærslukerfin, líkt og var að einhverju leyti gert í aðkomu stjórnvalda að kjarasamningum, og með þeim styðja við hópa sem geta síst mætt áhrifum hærrí verðbólgu. Femínísk fjármál benda á að til að sporna við verðbólgu og á sama tíma ráðast í aðgerðir sem hafa mikið gildi fyrir jafnrétti og samfélagslega velferð, þurfa stjórnvöld að sækja frekari tekjur fyrir ríkissjóð. Enn og aftur verða stjórnvöld af tækifærum til aukinnar tekjuöflunar af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar, s.s. aukinnar gjaldtöku fyrirtæki í fiskeldi og sjávarútvegi, hvalrekaskatti og hækkun skatta á fjármagnstekjur.

### **Aðgerðir sem hafa tækifæri til að stuðla að jafnrétti og jöfnuði**

Félagið Femínísk fjármál fagna aðkomu stjórnvalda að kjarasamningum, en þar má sjá aðgerðir sem hafa mikið gildi fyrir jafnrétti hér á landi. Framlag stjórnvalda er ekki aðeins til þess fallið að auka kjör launþega, s.s. gjaldfrjálsar skólamáltíðir, heldur mun stuðla að auknu jafnrétti og jöfnuði. Slíkar aðgerðir eru í anda hugmyndafræði kynjaðra fjármála, þ.e. að öll stefnumótun og ákvarðanatataka stjórnvalda stuðli að auknu jafnrétti.

Félagið fagnar hækkun hámarksgreiðslna í fæðingarorlofi, en sú aðgerð er líkleg til að stuðla að því að karlar taki fæðingarorlof. Brýnt er að forgangsraða samfélagslegum gæðum til að draga úr hættu á að börn alist upp við fátækt. Félagið ítrekar því fyrri afstöðu sína að greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði sem samsvara lágmarkslaunum ættu að vera óskertar og að greiðslur fæðingarstyrks námsmanna og til fólks sem staðið hefur utan vinnumarkaðar, verði endurskoðaðar og hækkaðar.

Femínísk fjármál fagna auknum fjárheimildum til verkefnisins virðismat starfa og fjölgun stöðugilda sem þeim fylgir. Félagið ítrekar að stjórnvöld þurfi að undirbúa tekjuöflun fyrir þær aðgerðir sem framundan eru til að leiðrétta virðismat hefðbundinna kvennastarfa. Líkt og félagið hefur ítrekað bent á og sýnt sig í alþjóðlegri þróun og dómaframkvæmd hvað varðar ákvæði sem byggja á jafnvirðisnálguninni, líkt og jafnlaunaákvæði jafnréttislaga hér á landi kveða á um, þá skapar fyrirhyggjuleysi kerfislæga áhættu fyrir ríkissjóð.

### **Aðhaldsaðgerðir - verndum heilbrigðisþjónustuna**

Almenn aðhaldskrafa verður 1% á árinu 2025 en heilbrigðis- og öldrunarstofnanir, skólar og löggæsla eru undanskilin þessari kröfu. Þegar kemur að þessari „verndun“ heilbrigðis- og öldrunarþjónustunnar, þá mun hún ekki leiðrétta þá vanfjármögnun sem hefur átt sér stað í heilbrigðiskerfinu síðastliðinn aldarfjórðung og þann aukna þunga á kerfinu vegna fólksfjölgunar og þeirra þúsunda ferðamanna sem þurfa á þjónustu að halda. Þegar viðunandi þjónusta er ekki í boði, þá færast umönnunarábyrgðin yfir á heimilin og oftast á herðar kvenna. Í samanburði við önnur Evrópulönd er Ísland með hæst hlutfall fólks sem veitir veikum, fötluðum eða öldruðum skyldmönnum reglulega umönnun. Sú umönnun er oft ekki boðleg fyrir þau sem þurfa á henni að halda, en einnig er hún ólaunuð og tímafrek fyrir umönnunaraðilan, og geta þannig tekið tíma frá launuðum störfum með tilheyrandi áhrifum á stöðu á vinnumarkaði og velferð og heilsu viðkomandi. Femínísk fjármál ítreka fyrri kröfur sínar um verulega bættar fjárveitingar til að leysa þennan mannekluvanda, álag og aðbúnað sem myndast hefur í heilbrigðiskerfinu á síðustu árum. Skynsamlegt væri fyrir stjórnvöld að fjárfesta í aðgerðum sem geta komið í veg fyrir brotthvarf starfsfólks, ekki síst kvenna, en mönnun er forsenda þess að hægt sé að veita örugga og skilvirka heilbrigðisþjónustu. Slíkar aðgerðir eru kostnaðarsamar en þær munu ekki aðeins leiða til jákvæðra breytinga á heilsu, velferð og þátttöku stórra kvennastétta í samfélaginu, heldur einnig á starfsemi þar sem þessar stéttir

starfa. Auk þess munu þessar aðgerðir leiða til jákvæðra efnahagslegra áhrifa til lengri tíma litið, s.s. aukinna tekna ríkissjóðs vegna aukinnar atvinnuþátttöku og minni útgjalda vegna almannatrygginga og heilbrigðisþjónustu.

### **Örorkulífeyrisþegar og fólks í starfsendurhæfingu**

Stjórnvöld fyrirhuga að hætta greiðslu jöfnunarframlaga í lífeyrissjóði vegna þungrar örorkubyrði þeirra, sem bent hefur verið á að bitni mest á verkafólki, þar sem að það séu sér í lagi sjóðir þeirra sem munu eftir breytingarnar hafa minna til að greiða eftirlaun en ella. Fyrirætlanirnar virðast ekki hafa farið í gegnum jafnréttismat og bendir félagið á að ærin þörf er að stjórnvöld láti gera slíkt mat. Svo virðist sem höggvið sé í sama knérunn hér og frestun kjarabóta fyrir örorkulífeyrisþega á árinu 2025 sem sparar ríkinu um 10 milljarða. Félagið ítrekar gagnrýni sína á þeirri aðgerð sem sett var fram í umsögn félagsins um fjármálaáætlun, en konur eru 60% þeirra sem eru með 75% örorkumat og því meirihluti þeirra sem verður fyrir neikvæðum áhrifum af frestun gildistöku nýs örorkulífeyriskerfis.

Undrun vekur að til stendur að skerða framlag til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs um 600 milljónir tímabundið í eitt ár, skv. því sem fram kemur í frumvarpinu, með þeim rökum að sjóðurinn sé vel fjármagnaður og aðgerðin hafi ekki áhrif á þjónustu VIRK. Hlutverk VIRK er m.a. að sinna forvörnum, þróunarverkefnum og fræðslu með það að markmiði að koma í veg fyrir brottfall einstaklinga af vinnumarkaði. Ef að VIRK getur ekki nýtt það fjármagn sem starfseminni er úthlutað, er einboðið að vinna að þessum forvörnum á öðrum vígstöðvum enda eru áskoranirnar nægar, og að milljónirnar renni þangað, t.d. í að leysa það viðfangsefni að niðurgreiða sálfræðiþjónustu eins og er löngu tímabært. Slík aðgerð hefði jafnréttisáhrif þar sem að fjárhagsstaða fólks getur haft úrslitaáhrif á aðgengi þess að sálfræðiþjónustu.

### **Ábyrgð Íslands í alþjóðasamfélaginu**

Meðal helstu verkefna sem eru til umfjöllunar í frumvarpinu er stytting málsmeðferðartíma í afgreiðslu umsókna um alþjóðlega vernd og „liðka fyrir“ sjálfviljugum heimferðum. Félagið Femínísk fjármál vill ítreka pólitískar og siðferðislegar skyldur Íslands sem ábyrg þjóð í alþjóðasamfélaginu á tímum átaka og hamfarahlýnunar sem ógna milljaðra manna. Í því samhengi má m.a. nefna aðgerðir Ísraelska ríkisins á Gaza í Palestínu, en á einu ári hafa að minnsta kosti 41 þúsund manns verið drepin, þar af 70% konur og börn og mun fleiri hafa látist eða örkumlast, vegna linnulausra árása og aðgerða ísraelska hersins sem með stuðningi og aðgerðaleyfi vestrænna stjórnvalda eins og Íslands, sækja nú á Vesturbakkann og út fyrir landamæri Palestínu. Óhjákvæmilega mun fólk í þessari stöðu þurfa alþjóðlega vernd í öðrum ríkjum. Ef Ísland vill fækka fjölda umsókna væri nærtækara að beina spjótum að rót vandans, þ.e. ástæðum þess að fólk þurfi að leggja á flóttu. Í tilviki Palestínu geta íslensk stjórnvöld átt þátt í því að binda enda á þjóðarmorð, m.a. með því að rjúfa öll tengsl við Ísrael, beita efnahagslegum og viðskiptalegum refsiaðgerðum og styðja málsókn Suður-Afríku fyrir Alþjóðadómstólnum.

Virðingarfyllt,

Stjórn félagsins Femínísk fjármál